



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/1800*  
*komudagur 13. 3. 2008*

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA  
GLAUMBÆ 560 – VARMAHLÍÐ  
MINJAHÚSINU AÐALGÓTU 16B, 550 - SAUÐÁRKRÓKI

Glaumbæ, 11/03/2008

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

Innsend erindi, 135. löggjafarþing 2007-2008, Þskj. 117 – 116. mál.  
Frá Byggðasafni Skagfirðinga

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjávarlíffræðisafn og rannsóknarsetur á Akureyri.**

Flm.: Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman, Birkir J. Jónsson, Höskuldur Þórhallsson, Þorvaldur Ingvarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning þess að koma á fót á Akureyri sjávarlíffræðisafni og rannsóknarsetri um auðlindir og lífríki hafsins, í samvinnu við Háskólann á Akureyri og sveitarfélög við Eyjafjörð.

Umsögn: Sjávarlíffræðisafn, sem og rannsóknarsetur um auðlindir og lífríki hafsins væri betur staðsett á Sauðárkróki en Akureyri. Hvers vegna?

- 1) Ef borin er saman staða skólahlads og atvinnumála á Norðvesturlandi og Norðausturlandi er ljóst að norðvestlendingar standa hallari fæti og þar er meiri þörf á að efla rannsóknir, fjölga atvinnutækifærum og auka umferð fólks, heldur en austan Tröllaskaga.
- 2) Í Hólaskóla, Háskólanum á Hólum er heil deild tengd málinu, þar sem fram fer kennsla og viðamiklar rannsóknir á bæði ferskvatns- og sjávarlíffræði.
- 3) Vísindagarnir Verið á Sauðárkróki snúast um auðlindir sjávar í víðri merkingu. Nota á alla möguleika til að efla þær. Samstarf vísindamanna Versins og starfsfólks Fisk Seafood hefur gefið sjávarlíffræði, og –vistfræði meiri og dýpri merkingu og nýttist báðum mjög vel.
- 4) Starfsfólk Versins og Hólaskóla, Háskólans á Hólum eru í víðtæku innlendu og erlendu samstarfi um þennan málaflokk, m.a. í samstarfi við Háskólann á Akureyri sem er afar mikilvægt.
- 5) Í Skagafirði, nánar tiltekið á Hólum í Hjaltadal, hefur verið vatnalífssýning sem til stendur að stækka og gera um leið lífríki sjávar betur skil. Mörg fleiri rök hníga að því að sjávarlíffræðisafn og/eða rannsóknarsetur um auðlindir og lífríki hafsins kæmi sér betur fyrir Sauðárkrók en Akureyri, en hér skal numið staðar.

F.h. Byggðasafns Skagfirðinga